



# **Skýrsla um innra mat í Grenivíkurskóla ásamt umbótatillögum**



**Skólaárið 2021-2022**

|                                                      |           |
|------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. Inngangur</b>                                  | <b>3</b>  |
| <b>2. Um skólann</b>                                 | <b>4</b>  |
| <b>3. Innra mat skólaárið 2021-2022</b>              | <b>4</b>  |
| 3.1 Ígrundunarfundir í september og maí              | 4         |
| 3.1.1 Umbótatillögur - ígrundunarfundir              | 5         |
| 3.2 Fundir                                           | 6         |
| 3.2.1 Umbótatillögur - fundir                        | 6         |
| 3.3 Skimanir                                         | 7         |
| 3.3.1 Umbótatillögur - skimanir                      | 8         |
| 3.4 Innleiðing teymiskennslu                         | 9         |
| 3.4.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu      | 10        |
| 3.5 Ársskýrslur teyma                                | 10        |
| 3.5.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma             | 10        |
| 3.6 Starfsþróunarsamtöl                              | 11        |
| 3.6.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl           | 11        |
| 3.7 Skólapúlsinn                                     | 11        |
| 3.7.1 Skólapúlsinn - foreldrakönnun                  | 12        |
| 3.7.2 Skólapúlsinn - starfsmannakönnun               | 15        |
| 3.7.3 Umbótatillögur - Skólapúlsinn                  | 18        |
| 3.8 Íslenska æskulýðsrannsóknin                      | 19        |
| 3.8.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin   | 20        |
| 3.9 Olweusaráætlunin gegn einelti                    | 20        |
| 3.9.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti | 20        |
| <b>4. Lokaorð</b>                                    | <b>20</b> |

## 1. Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat, einnig kallað innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu, og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita við innra mat. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í innra mati eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um innra mat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Grenivíkurskóli notar fjölbreyttar matsaðferðir við innra mat á hverju ári, sem nánar er fjallað um í starfsáætlun hvers skólaárs. Þar að auki kýs skólinn að skoða afmarkaða þætti skólastarfsins á hverju skólaári til þess að tryggja að tekið sé tillit til sem flestra þátta skólastarfsins.

Sjálfsmatsáætlun skólans er gerð til þriggja ára í senn. Á hverju þriggja ára tímabili er þess gætt að sem flestir þættir skólastarfsins séu metnir. Einnig er þess gætt að notast sé við fjölbreyttar matsaðferðir sem annað hvort ná til heilla hópa eða einstaklinga sem á einn eða annan hátt koma að skólastarfinu. Í því sambandi er átt við starfsfólk skólans, nemendur og foreldra.

Á kennarafundum og, eftir atvikum, starfsmannafundum fer fram umræða um innra mat á hverju skólaári. Þar eru teknar ákvarðanir um matsspurningar, gagnaöflun, verkaskiptingu og tímasetningar. Skýrsla um innra mat ásamt umbótatillögum á að liggja fyrir við lok hvers skólaárs og er þá kynnt fræðslu- og æskulýðsnefnd.

Það er síðan í höndum kennara og skólastjóra að vinna að endurbótum í kjölfarið á innra mati hvers skólaárs. Í umbótastarfi skólans fá kennarar og skólastjórnendur til liðs við sig aðra starfsmenn, nemendur og foreldra eftir því sem við á.

Á heimasíðu skólans má nálgast ýmis konar matsgögn sem liggja til grundvallar innra mati skólans, svo sem niðurstöður úr Skólapúlsinum og fleira, undir [“Matsgögn og skýrslur”](#).

## **2. Um skólann**

Í Grenivíkurskóla voru við lok skólaársins 50 nemendur í 1.-10. bekk. Náms hópar voru að grunninum til þrír, 1.-4. bekkur var í einum náms hópi, 5.-7. bekkur í öðrum og 8.-10. bekkur í þeim þriðja. Skólinn hóf innleiðingu teymiskennslu á skólaárinu og voru 3-4 kennarar sem mynduðu teymi utan um hvern náms hóp. Teymum var svo í sjálfsvald sett hvort og þá með hvaða hætti náms hópunum var skipt í smærri hópa í kennslu. 16 starfsmenn störfuðu við skólann í vetur í rúmlega 12 stöðugildum.

## **3. Innra mat skólaárið 2021-2022**

Sem fyrr segir starfar skólinn eftir langtímaáætlun um innra mat þar sem ýmsir þættir eru teknir til skoðunar á hverju skólaári. Að einhverju leyti var unnið út frá þessari langtímaáætlun á síðasta skólaári, en þó ljóst að þörf er á að þróa áætlunina betur og gera hana markvissari. Því verður ekki vísað beint til þeirra þátta sem rætt er um í langtímaáætluninni heldur farið almennt yfir það helsta sem gert var í innra mati skólaárið 2021-2022.

### **3.1 Ígrundunarfundir í september og maí**

Í tengslum við innleiðingu teymiskennslu við Grenivíkurskóla, sem og aðrar skipulagsbreytingar, t.d. hvað varðar lengd kennslulota o.fl., voru haldnir ígrundunarfundir, til þess að meta hvernig innleiðingin væri að ganga. Þess á milli voru málin einnig rædd, bæði á kennarafundum, í skólaráði og almennt í samtali starfsfólks.

Á fundinum í september var fyrst og fremst farið yfir skipulag kennslu, stundaskrár og fleira þess háttar. Stutt var liðið á skólaárið og lítið hægt að meta eiginlega kosti eða áskoranir við teymiskennsluna sjálfa. Á miðstigi reyndist snúið að samræma stundatöflur þar sem hópnum var mikið skipt í list- og verkgreinum og fleiru. Þá kom einnig fram að erfitt gæti reynst að

finna nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings, sérstaklega á yngsta stigi, þar sem stundatöflur kennara voru mismunandi, kennarar í ólíku starfshlutfalli og fleira í þeim dúr. Allt eru þetta þekktar áskoranir við teymiskennslu sem við þurfum að skoða í framhaldinu.

Á fundinn í maí kom Ingvar Sigurgeirsson og var með okkur, en hann hefur verið okkur til ráðgjafar og stuðnings í innleiðingarferlinu. Þar settust teymi niður, fyrst sitt í hvoru lagi, og ræddu veturinn, en síðan hittust allir kennarar og ræddu málin saman. Á unglingastigi og miðstigi var almenn ánægja með fyrirkomulagið, bæði teymiskennsluna og skipulag skóladagsins. Auðveldara hefur reynst að leysa forföll þegar teymið ber sameiginlega ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd kennslu og afleysingakennsla verður markvissari. Nemendur lýsa einnig almennri ánægju með fyrirkomulagið.

Á yngsta stigi hafa verið ýmsar áskoranir í vetur, tengdar forföllum kennara, agavandamálum og fleiru. Heilt yfir hefur þó margt gengið vel og sjá kennarar tækifæri í teymiskennslunni. Nemendur á yngsta stigi voru alla daga til 14 í skólanum, líkt og aðrir nemendur, og töldu kennarar það reynast sumum nemendum of langt. Einnig voru 80 mínútna kennslulotur taldar full langar hjá nemendum á þessum aldri.

Á fundinum var rætt um að skýrari ramma þurfi um agamál í skólanum sem hægt væri að fylgja.

### **3.1.1 Umbótatillögur - ígrundunarfundir**

- Tryggja nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings kennara, t.d. með því að samræma stundatöflur og/eða starfshlutfall kennara í teymum.
- Vinna að sameiginlegri stefnu í agamálum.
- Hafa skýrt skipulag og verkaskiptingu í teymum, t.d. hvað varðar hópaskiptingar, umsjón með námsgreinum o.s.frv.
- Hafa reglulegt uppbrot í kennslulotum, sérstaklega á yngsta stigi.
- Hafa reglulega frjálsan leik, val og fleira í þeim dúr, sérstaklega á yngsta stigi.

## 3.2 Fundir

Teymisfundir kennara voru áætlaðir vikulega í klukkustund í senn. Það sama á við um kennarafundi. Formlegir starfsmannafundir með öllu starfsfólki voru þrír; við upphaf skólaárs, á starfsdegi eftir jólafrí og á starfsdegi eftir páskafrí. Á þessum fundum eru hin ýmsu mál rædd; skipulag í skólanum, nemendamál, starfsmannamál og ýmislegt fleira. Þar fer einnig oft fram umræða og ígrundun um innra starf skólans og tillögur til úrbóta ræddar.

Skólaráðsfundir voru fjórir á skólaárinu, tveir á hvorri önn. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald og í því sitja fulltrúar kennara, annars starfsfólks skólans, foreldra, nemenda og grenndarsamfélagsins. Á fundunum er rætt um flest sem viðkemur skólahaldi, farið yfir skóladagatal, starfsáætlun, skipulag o.s.frv. og fá fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins tækifæri á að tjá sig um málefni skólans.

Nemendaverndarráðsfundir voru sex á árinu, þrír á hvorri önn. Þar er fjallað um skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og skólaþjónustu, bæði varðandi einstaka nemendur sem og forvarnarstarf.

Forvarnarteymi var stofnað á skólaárinu og fundaði það þrisvar sinnum. Teyminu er ætlað að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, vera starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um þau mál, tryggja að starfsfólk fái þjálfun í þessum málum, sem og að samhæfa viðbrögð starfsfólks í tilfellum þar sem börn greina frá ofbeldi eða áreitni.

Nokkrar nefndir voru starfandi í vetur utan um hin ýmsu verkefni; Grænánanefnd, heilsueflandi nefnd og læsisnefnd til að mynda. Þessar nefndir funduðu þegar tækifæri gáfust og ræddu framgang þeirra verkefna sem undir þær heyrðu.

Umbótatillögur hér að neðan eru að mestu fengnar úr fundargerðum og samtölum á fundum.

### 3.2.1 Umbótatillögur - fundir

- Fjölga starfsmannafundum sem allir starfsmenn sitja.
- Tryggja næga upplýsingagjöf, ekki síst til annarra starfsmanna en kennara.

- Leita leiða til að aðskilja vinnu og einkalíf, t.d. með því að setja reglur um samskipti vegna vinnu utan vinnutíma.
- Hafa fjölbreyttari morgunmat (búið að bregðast við, a.m.k. að einhverju leyti, með morgunkorni á föstudögum).
- Auka fjölbreytni í hreyfistundum á morgnana.
- Tryggja að farið verði í endurbætur á skólalóð við fyrsta tækifæri og að það verði gert með myndarbrag.
- Vinna að þróun og samræmingu námsmats við skólann út frá skilgreindum viðmiðum sem allir aðilar skólasamfélagsins hafa sameiginlegan skilning á.
- Aldursskipta valgreinum meira, a.m.k. í ákveðnum greinum, of breitt bil að hafa 5.-10. bekk undir.
- Skerpa á hópaskiptingu, sér í lagi á yngsta stigi, og tryggja að 1. bekkur fái næga skólaaðlögun og byrjendakennslu í lestri o.fl.
- Virkja nefndirnar betur til að tryggja framgang ákveðinna verkefna.
- Leita leiða til að tryggja nemendur náms- og starfsráðgjöf.
- Efla starf nemendaráðs.

### 3.3 Skimanir

Ýmsar próf og skimanir eru lagðar fyrir nemendur á hverju skólaári.

Menntamálastofnun hefur þróað svokallaðan Lesferil, matstæki sem er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, leshraða, ritun, orðaforða og málskilning.

Matstækið er enn í þróun og ekki allir þættir þess nýttir markvisst enn sem komið er í Grenivíkurskóla.

Þrisvar á ári taka nemendur hraðapróf í lestri og er hægt að skoða niðurstöður í samanburði við landsmeðaltal. Vegna smæðar skólans er línurit yfir niðurstöður í bekkjum ekki sett fram hér. Talsverðar sveiflur eru á milli árganga sem er eðlilegt þegar um fámenna árganga er að ræða. Niðurstöðurnar eru heilt yfir nokkuð lakar, helmingur árganga er undir landsmeðaltali, en helmingur um eða yfir því. Hér ber þó að taka fram að hraðapróf í lestri eru afar umdeild

og þótt við í Grenivíkurskóla nýtum þau, leggjum við meira upp úr öðrum þáttum læsis, s.s. lesskilningi og lesfimi, en leshraða.

Læsi - lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk, Orðarún - lesskilningspróf eru lögð fyrir nemendur í 3.-8. bekk og þá taka nemendur stafsetningarpróf og fleiri kannanir í sínum hópum. Niðurstöður þessara kannana eru skoðaðar af kennurum og, eftir atvikum, fagstjóra stuðningskennslu og skólastjóra. Ef niðurstöður gefa vísbendingar um slaka færni eða ákveðna veikleika er staða nemandans skoðuð í kjölinn og mögulega farið í ítarlegra greiningarferli, t.d. Logos-lestrarskimun. Niðurstöðurnar eru einnig nýttar við val eða aðlögun á námsefni og/eða gerð einstaklingsnámskráa.

Samræmd könnunarpróf hafa verið tekin árlega til fjölda ára í 4., 7. og 9. bekk, en voru ekki lögð fyrir á þessu skólaári. Prófin höfðu sætt mikilli gagnrýni á undanförunum árum og ekki bættu tækniörðugleikar við framkvæmd þeirra á síðustu árum úr skák. Í þróun er svokallaður Matsferill, ný verkfærakista fyrir kennara og skóla, sem er ætlað að innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni sem kennarar geta notað til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur. Áhugavert verður að sjá afrakstur þessarar vinnu og vonandi að skólar fái fjölbreytt og hagnýt tæki í hendurnar til þess að vinna með.

Allir nemendur skólans fá reglulega námsmat, bæði í kjölfar verkefna, kaflaprófa og annars mats í skólanum, og þá fá allir nemendur ítarlega umsögn inni á Námfús þrisvar sinnum á skólaári; í nóvember, febrúar og maí/júní. Þá er námsframvinda og líðan nemenda rædd í foreldraviðtölum. Við skólaslit fengu allir nemendur vitnisburðarblað með lokamati og almennri umsögn.

### **3.3.1 Umbótatillögur - skimanir**

- Fylgjast með og nýta þau matstæki sem til eru og koma frá Menntamálastofnun og ráðuneytinu.
- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinna með ritmál á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- Leita leiða til að fá nemendur til að lesa efni sem hæfir aldri þeirra og áhuga



- Tryggja aðgengi að fjölbreyttum hljóðbókum, sérstaklega til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða.
- Gera lestrarumhverfi notalegt, hvetjandi og tryggja lestrarnæði.
- Hvetja foreldra á öllum stigum til að lesa fyrir börn sín heima og styðja við þau og hvetja í heimalestri.
- Tryggja að nemendur sem þurfa aukinn stuðning í námi fái hann tímanlega og markvisst.
- Virkja læsisnefnd skólans betur.

### 3.4 Innleiðing teymiskennslu

Haustið 2021 hóf Grenivíkurskóli að innleiða teymiskennslu í skólanum. Ingvar Sigurgeirsson, kennslufræðingur, hefur verið skólanum til ráðgjafar og stuðnings í þessari vinnu og verður áfram. Í teymiskennslu mynda nokkrir kennarar teymi utan um hóp nemenda, bera sameiginlega ábyrgð á þeim hópi og kenna að einhverju eða öllu leyti saman, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Kostir teymiskennslu og teymisvinnu er margir og ótvíræðir og reynsla þeirra skóla sem hafa farið þessa leið nær undantekningalaust jákvæð. Samvinna kennara hefur í för með sér fjölbreyttari nálgun á nám og kennslu, sameiginleg ábyrgð á nemendahópi er styrkur fyrir nemendur jafnt sem kennara, og sá faglegi stuðningur og það faglega samtal sem verður til í kennarateymunum er afar mikilvægt. Teymiskennsla og teymisvinna eykur einnig sveigjanleika í námi, styður við einstaklingsmiðun og getur skapað vinnuhagræðingu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Á fyrsta ári innleiðingarinnar hafa kostir teymiskennslu víða sýnt sig. Faglegt samstarf hefur aukist, auðveldara er að leysa forföll, og þar sem ábyrgðinni er dreift milli kennara verður forfallakennsla oft markvissari en áður. Heilt yfir hafa nemendur jafnt sem kennarar lýst ánægju sinni með breytingarnar. Þó höfum við líka rekist á hindranir. Sums staðar hefur reynst erfitt að finna nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings kennara, hópaskiptingar hafa reynst snúnar og þá hafa veikindi og forföll verið með mesta móti þennan fyrsta vetur innleiðingarinnar, t.d. vegna Covid-19 og flensufaraldurs, sem hafði talsverð áhrif í einhverjum teymum.

Við ætlum að halda áfram að þróa teymiskennsluna við skólann og leggja þar áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, samþættingu námsgreina og verkefna miðað námi. Ingvar Sigurgeirsson mun áfram verða skólanum til ráðgjafar og stuðnings varðandi innleiðinguna.

#### **3.4.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu**

- Tryggja tíma til funda og sameiginlegs undirbúnings teyma.
- Skerpa á verkaskiptingu í teyllum þar sem við á en efla einnig sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu.
- Fjölga heildstæðum, samþættum verkefnum, auka ábyrgð nemenda og efla sjálfstæð vinnubrögð.
- Skoða leiðir til að aðlaga húsnæði skólans betur að teymiskennslu og sveigjanlegum kennsluháttum.
- Vera dugleg að kynna okkur framúrskarandi starf í skólum sem við getum borið okkur saman við og hagnýta það sem hægt er þaðan.

#### **3.5 Ársskýrslur teyma**

Í tengslum við innleiðingu teymiskennslu í skólanum var ákveðið að kennarateymi myndu skila inn ársskýrslu fyrir síðastliðið skólaár. Þar koma fram ýmis konar hagnýtar upplýsingar um námsumhverfi og skipulag, kennslu, samstarf og ýmislegt fleira. Tilgangur þessara ársskýrslna er einkum tvíþættur; annars vegar er þetta góð leið fyrir kennarateymi að rýna í starfið í vetur, sjá hvað vel hefur gengið og einnig hvar gera má umbætur. Hins vegar geta þessa skýrslur verið nytsamlegar fyrir skólastjóra sem og þá kennara eða þau teymi sem taka við upp á að geta skoðað það skipulag sem notað var, námsefni o.s.frv.

Í skýrslunum kemur ýmislegt fróðlegt fram og er það mat skólastjóra að þær hafi verið vel unnar og kafið kennara um ígrundun á eigin starfi, sem er afar mikilvægur þáttur í kennslu.

##### **3.5.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma**

- Gæta að því að afleysingar vegna langtímaforfalla nýtist teyllum í faglegu starfi og undirbúningi, en ekki eingöngu framkvæmd kennslu.

- Skipuleggja 80 mínútna lotur vel og tryggja uppbrot, sér í lagi fyrir yngri nemendum.
- Gera skýra áætlun í upphafi skólaárs þar sem helstu námsþættir fyrir hvern árgang eru kortlagðir, ekki síst með þarfir 1. bekkings í huga.
- Vanda uppsetningu stundaskráa og nýta þann sveigjanleika sem teymiskennslan býður upp á í þeim efnum.
- Tengja foreldra betur inn í námsáætlanir nemenda, t.d. með rafrænum hætti.
- Tryggja vikulegan gæðahringstíma hjá öllum nemendum.
- Endurskoða lestrar- og hreyfistundir að morgni og gera þær markvissari.

### 3.6 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á hverju skólaári en þá gefst starfsfólki tækifæri á að ræða við skólastjóra um starfið út frá ýmsum hliðum. Að þessi sinni var farin sú leið að leggja fyrir starfsþróunarkönnun að hausti og bjóða þeim sem vildu að koma í viðtal í kjölfarið. Flestir svöruðu könnuninni en fáir óskuðu eftir viðtali. Að vori var allt starfsfólk boðað í viðtal þar sem málin voru rædd.

Í þessum viðtölum kom fram almenn ánægja með skólastarfið í heild sinni, þótt veturinn hafi raunar reynst ansi þungur vegna mikilla veikinda og fleiri álagspátta. Almennt lýstu kennarar ánægju sinni með teymiskennsluna og nýtt skipulag skóladagsins.

#### 3.6.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl

- Bæta ýmsa þætti varðandi starfsaðstöðu; hækkanleg skrifborð, skúringavél, uppfæra tæki og tól, og skoða hljóðvistar- loftgæða- og lýsingarmál til framtíðar.
- Tryggja gott upplýsingaflæði til allra starfsmanna.

### 3.7 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar lagðar kannanir fyrir foreldra og starfsfólk en hitt árið eru lagðar kannanir fyrir nemendum. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar á starfsmannafundum, fyrir skólaráði, fyrir fræðslu- og æskulýðsnefnd og fyrir nemendum, og eru nýttar til umbóta á innra starfi skólans.

Niðurstöður einstakra matspátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur. Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matspáttur merktur með stjörnu. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Niðurstöður helstu matspátta eru birtar hér að neðan, en ítarlegri skýrslur er að finna á [heimasíðu skólans](#).

### **3.7.1 Skólapúlsinn - foreldrakönnun**

Foreldrakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar. 30 þátttakendur voru í úrtaki og svöruðu 27 könnuninni sem gerir 90% svarhlutfall. Könnunin mælir 40 þætti í 5 flokkum; viðhorf til náms og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að skilja eftir opin svör (í ljósi lítils úrtaks eru opin svör ekki birt opinberlega).

## 1. Náms og kennsla

| Matsþættir ↑↓                                            | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|----------------------------------------------------------|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum       | 5,5        | 27    | -        | 5,4    | 2.880     | 0,1      |
| 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans                | 100,0%     | 27    | -        | 91,5%  | 2429/2668 | 8,5%     |
| 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra | 85,2%      | 23/27 | -        | 86,4%  | 2417/2788 | -1,2%    |
| 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra           | 52,0%      | 13/25 | -        | 77,6%  | 2044/2626 | -25,6%*  |

Foreldra telja ekki nægan aga ríkja í skólanum og skorum við marktækt undir landsmeðaltali þar.

## 2. Velferð nemenda

| Matsþættir ↑↓                                                      | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|--------------------------------------------------------------------|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur        | 5,1        | 27    | -        | 4,9    | 2.618     | 0,2      |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda      | 100,0%     | 26    | -        | 89,1%  | 2450/2712 | 10,9%    |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt             | 92,6%      | 25/27 | -        | 92,0%  | 2663/2878 | 0,6%     |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt       | 92,6%      | 25/27 | -        | 92,3%  | 2654/2863 | 0,3%     |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt           | 96,3%      | 26/27 | -        | 91,5%  | 2609/2849 | 4,8%     |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra                   | 0%         | 0/27  | -        | 9,6%   | 268/2829  | -9,6%    |
| 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum         | -          | -     | -        | -      | -         | -        |
| 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | -          | -     | -        | -      | -         | -        |
| 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans                    | 95,7%      | 22/23 | -        | 79,5%  | 1309/1630 | 16,2%    |
| 2.10. Meðaltímabil eineltis                                        | -          | -     | -        | -      | -         | -        |
| 2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað                  | -          | 2     | -        | -      | -         | -        |

Heilt yfir eru foreldrar ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, þeir telja að nemendum líði vel í skólanum og eru ánægðir með eineltisáætlun skólans.

### 3. Aðstaða og þjónusta

| Matsþættir ↑↓                                                  | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|----------------------------------------------------------------|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum                    | 5,1        | 27    | -        | 5,7    | 2.759     | -0,6*    |
| 3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu                     | 5,6        | 23    | -        | 5,2    | 1.650     | 0,4      |
| 3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili     | 96,2%      | 25/26 | -        | 58,1%  | 1744/2822 | 38,1%*   |
| 3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu | -          | 1     | -        | -      | -         | -        |
| 3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti                  | 100,0%     | 27    | -        | 75,8%  | 2032/2590 | 24,2%*   |
| 3.6. Notkun á mötuneyti                                        | 100,0%     | 27    | -        | 92,5%  | 2675/2859 | 7,5%     |

Foreldrar telja aðstöðu í skólanum ekki nægjanlega góða. Í samtölum við foreldra hefur komið fram að fyrst og fremst er það skólalóðin sem þarfnast endurbóta. Mikil ánægja ríkir með mötuneytið í skólanum sem er afar jákvætt, enda gott mötuneyti mikilvægur þáttur í að skapa góðan skólabrag.

### 4. Foreldrasamstarf

| Matsþættir ↑↓                                                            | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|--------------------------------------------------------------------------|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi                              | 4,2        | 27    | -        | 4,7    | 2.715     | -0,5*    |
| 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur                       | 77,3%      | 17/22 | -        | 59,7%  | 1440/2315 | 17,6%    |
| 4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina | 66,7%      | 14/21 | -        | 69,3%  | 1389/1954 | -2,6%    |
| 4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á                   | -          | 16    | -        | -      | -         | -        |
| 4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á       | -          | 11    | -        | -      | -         | -        |
| 4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal                                   | 96,2%      | 25/26 | -        | 95,4%  | 2619/2735 | 0,8%     |
| 4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali                     | -          | 26    | -        | -      | -         | -        |
| 4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum                | 42,9%      | 9/21  | -        | 56,7%  | 1377/2438 | -13,8%   |
| 4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra   | 83,3%      | 15/18 | -        | 85,4%  | 1854/2178 | -2,1%    |
| 4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans                              | 92,3%      | 24/26 | -        | 81,1%  | 2170/2669 | 11,2%    |
| 4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá                   | 84,6%      | 22/26 | -        | 72,9%  | 2116/2821 | 11,7%    |

Foreldrar telja kennara ekki hafa nægt frumkvæði að foreldrasamstarfi en telja sig á móti geta haft áhrif á ákvarðanir er varða sín börn.

## 5. Heimastuðningur

| Matsþættir ↑↓                                                    | Niðurstaða | N     | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|------------------------------------------------------------------|------------|-------|----------|--------|-----------|----------|
| 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna                          | 4,9        | 26    | -        | 5,0    | 2.741     | -0,1     |
| 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,2        | 26    | -        | 4,0    | 2.717     | 0,2      |
| 5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra                         | 80,0%      | 20/25 | -        | 76,1%  | 1844/2402 | 3,9%     |
| 5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám                     | 54,5%      | 12/22 | -        | 57,2%  | 1504/2615 | -2,7%    |
| 5.5. Væntingar foreldra um háskólanám                            | 54,2%      | 13/24 | -        | 70,8%  | 1481/2090 | -16,6%*  |
| 5.6. Væntingar foreldra um iðnnám                                | 29,2%      | 7/24  | -        | 17,4%  | 356/2090  | 11,8%    |

Foreldrar hafa almennt meiri væntingar um iðnnám barna sinna en minni væntingar um háskólanám samanborið við landsmeðaltal.

### 3.7.2 Skólapúlsinn - starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í mars og apríl. 13 starfsmenn voru í úrtaki og svöruðu 12 könnuninni sem gerir 92,3% svarhlutfall. Könnunin mælir fjölmarga þætti og svarar allt starfsfólk spurningum í fjórum flokkum en kennarar þremur til viðbótar. Flokkarnir eru; starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara og símenntun kennara. Einnig gefst starfsfólki tækifæri til að skilja eftir opin svör (í ljósi lítills úrtaks eru opin svör ekki birt opinberlega).

#### 1. Starfið

| Matsþættir ↑↓                    | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|----------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 1.1. Vinnuálag                   | 3,5        | 12 | -        | 4,8    | 2.365 | -1,3*    |
| 1.2. Skýrleiki hlutverks         | 5,7        | 12 | -        | 4,9    | 2.361 | 0,8*     |
| 1.3. Ágreiningur um hlutverk     | 3,4        | 12 | -        | 4,9    | 2.364 | -1,5*    |
| 1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi | 4,8        | 12 | -        | 5,1    | 2.362 | -0,3     |

Starfsfólk virðist almennt ánægt með starfið hvað varðar vinnuálag og þess sem krafist er af því í starfi.

## 2. Starfsmenn

| Matsþættir ↑↓                        | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|--------------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 2.1. Leikni í starfi                 | 4,1        | 12 | -        | 4,9    | 2.344 | -0,8     |
| 2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins | 5,3        | 12 | -        | 5,1    | 2.341 | 0,2      |
| 2.3. Skörun vinnu og einkalífs       | 4,8        | 12 | -        | 5,1    | 2.341 | -0,3     |

## 3. Vinnustaðurinn

| Matsþættir ↑↓                                    | Niðurstaða | N    | Breyting | Landið | N        | Mismunur |
|--------------------------------------------------|------------|------|----------|--------|----------|----------|
| 3.1. Starfsandi                                  | 6,0        | 12   | -        | 5,2    | 2.325    | 0,8      |
| 3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu                     | 5,3        | 12   | -        | 5,0    | 2.257    | 0,3      |
| 3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki               | 5,9        | 12   | -        | 5,1    | 2.315    | 0,8      |
| 3.4. Stuðningur við nýsköpun                     | 6,0        | 12   | -        | 5,1    | 2.312    | 0,9*     |
| 3.5. Mismunur                                    | 3,7        | 12   | -        | 4,8    | 2.313    | -1,1*    |
| 3.6. Einelti (þú)                                | 0%         | 0/12 | -        | 4,1%   | 94/2306  | -4,1%    |
| 3.7. Einelti (annar en þú)                       | 8,3%       | 1/12 | -        | 10,1%  | 232/2291 | -1,8%    |
| 3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagðar í einelti) | 0%         | 0/12 | -        | 4,9%   | 113/2291 | -4,9%    |

Starfsandi mælist góður og þá er fólk almennt ánægt með vinnuaðstöðuna sem og þann stuðning sem það fær frá samstarfsfólki. Einelti mælist lítið sem ekkert.

## 4. Stjórnun

| Matsþættir ↑↓                       | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|-------------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni | 6,4        | 12 | -        | 5,2    | 2.292 | 1,2*     |
| 4.2. Sanngjörn forysta              | 6,5        | 12 | -        | 5,2    | 2.280 | 1,3*     |
| 4.3. Valdeflandi forysta            | 6,2        | 12 | -        | 5,0    | 2.260 | 1,2*     |
| 4.4. Ræktun mannauðs                | 6,2        | 12 | -        | 5,0    | 2.281 | 1,2*     |

Almenn ánægja virðist með stjórnun og skora allir matsþættir marktækt yfir meðaltali á landsvísi.



## 5. Kennarar - Kennarastarfið

| Matsþættir ↑↓                                       | Niðurstaða | N    | Breyting | Landið   | N         | Mismunur |
|-----------------------------------------------------|------------|------|----------|----------|-----------|----------|
| 5.1. Ánægja með kennarastarfið                      | 3,9        | 9    | -        | 5,2      | 1.508     | -1,3*    |
| 5.2. Trú kennara skólans á eigin getu               | 3,9        | 9    | -        | 5,1      | 1.492     | -1,2*    |
| 5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra                  | 4,2        | 7    | -        | 4,9      | 1.332     | -0,7     |
| 5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku | 43,1 mín   | 8    | -        | 41,5 mín | 1.247     | 1,6 mín  |
| 5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum               | 90,0%      | 9/10 | -        | 63,9%    | 977/1528  | 26,1%    |
| 5.6. Öllum bekknum kennt í einu                     | 20,0%      | 2/10 | -        | 46,5%    | 642/1380  | -26,5%   |
| 5.7. Hópavinna í bekk                               | 30,0%      | 3/10 | -        | 36,6%    | 481/1313  | -6,6%    |
| 5.8. Einstaklingsvinna í bekk                       | 33,3%      | 3/9  | -        | 30,1%    | 432/1435  | 3,2%     |
| 5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla                      | 70,0%      | 7/10 | -        | 53,0%    | 777/1465  | 17,0%    |
| 5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum          | 11,1%      | 1/9  | -        | 12,0%    | 169/1406  | -0,9%    |
| 5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum  | 66,7%      | 6/9  | -        | 78,5%    | 1174/1496 | -11,8%   |

Kennarar mælast marktækt undir landsmeðaltali þegar kemur að ánægju með kennarastarfið sem og trú á eigin getu. Þegar spurningar sem mynda matsþátt eru skoðaðar kemur í ljós að kennarar merkja almennt við “frekar sammála” þegar kemur að spurningum um ánægju í starfi en möguleikinn “mjög sammála” er sjaldnar valinn. Hér er því ekki um beina óánægju að ræða en tækifæri til úrbóta eru til staðar. Hið sama á við um trú á eigin getu, þar merkja kennarar almennt við valmöguleikann “frekar sammála” en sjaldnar við “mjög sammála” þegar spurt er um hversu vel kennarar ná til nemenda og hversu góðum árangri þeir telja sig ná með sinn námshóp.

## 6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

| Matsþættir ↑↓                                             | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|-----------------------------------------------------------|------------|---|----------|--------|-------|----------|
| 6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika | 4,2        | 8 | -        | 5,0    | 1.327 | -0,8*    |
| 6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. | 5,3        | 8 | -        | 4,9    | 1.308 | 0,4      |
| 6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara          | 6,4        | 8 | -        | 4,8    | 1.469 | 1,6*     |
| 6.4. Samráð um kennslu                                    | 5,5        | 9 | -        | 5,5    | 1.392 | 0,0      |
| 6.5. Samvinna um kennslu                                  | 4,7        | 7 | -        | 5,4    | 1.333 | -0,7*    |

Kennarar telja sig skorta stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og þá skorur við marktækt undir landsmeðaltali þegar kemur að samvinnu um kennslu. Spurningar sem mynda síðarnefnda matsþáttinn sneru t.a.m. að því hversu oft kennarar fylgdust með

kennslu annarra kennara og veittu endurgjöf, en sá háttur hefur ekki tíðkast í skólanum og skýrir líklega þessa niðurstöðu. Stuðningur skólustjóra við kennara mælist marktækt yfir landsmeðaltali.

#### 7. Kennarar - Símenntun kennara

| Matsþættir ↑↓                                                          | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N        | Mismunur |
|------------------------------------------------------------------------|------------|-----|----------|--------|----------|----------|
| 7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár                             | 33,3%      | 2/6 | -        | 43,6%  | 608/1394 | -10,3%   |
| 7.2. Símenntunarpörf kennara                                           | 6,9        | 8   | -        | 6,0    | 1.414    | 0,9*     |
| 7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)                                   | -          | 0   | -        | -      | -        | -        |
| 7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán. | 62,5%      | 5/8 | -        | 49,3%  | 705/1430 | 13,2%    |
| 7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.       | -          | 8   | -        | -      | -        | -        |

Kennarar virðast afar áhugasamir um ýmis konar símenntun og óska eftir auknu framboði í þeim efnum. Þetta er afar jákvætt, enda öflug símenntun forsenda framfara í starfi eins og kennslu.

#### 3.7.3 Umbótatillögur - Skólapúlsinn

- Auka frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, t.d. með reglulegum upplýsingapóstum um starfið í skólanum.
- Ráðast í endurbætur á skólalóð við fyrsta tækifæri og tryggja góðan aðbúnað í skólanum almennt.
- Leita leiða til að bæta agamál í skólanum.
- Vinna að þróun og samræmingu námsmats við skólann út frá skilgreindum viðmiðum sem allir aðilar skólasamfélagsins hafa sameiginlegan skilning á.
- Bæta upplýsingagjöf til foreldra, t.d. þegar uppbrot er á skólastarfi, og tryggja að slíkar upplýsingar berist tímanlega.
- Efla samstarf kennara enn frekar.
- Efla stuðning við kennara vegna nemenda með námsörðugleika og skoða ráðningu sérkennara í þeim efnum.

- Tryggja fjölbreytta símenntunarmöguleika fyrir starfsfólk og styðja það til starfsþróunar.

### 3.8 Íslenska æskulýðsrannsóknin


Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið verkefnisins er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

Könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar verður frá og með skólaárinu 2021-2022 lögð fyrir á hverju ári í grunnskólum. Hún er lögð fyrir í 4., 6., 8. og 10. bekk. Niðurstöður á landsvísi er hægt að skoða í mælaborði á [heimasíðu rannsóknarinnar](#).

27 nemendur tóku þátt í rannsókninni í Grenivíkurskóla að þessu sinni. Í ljósi lítils úrtaks eru niðurstöður fyrir skólann settar fram sem ein heild, en ekki skipt eftir bekkjum sem tóku þátt. Þar sem spurningar fyrir 4. bekk eru frábrugðnar spurningum fyrir eldri bekkir eru svör þeirra ekki í þessum niðurstöðum.

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður könnunarinnar en ítarlegri skýrslu er að finna á [heimasíðu skólans](#).

#### Lykiltölur



LYKILTÖLUR

Eins og sjá má á myndinni fyrir ofan kemur Grenivíkurskóli vel út í þessari könnun. Nemendum líkar skólinn almennt vel, þeir finna tilgang með námi og treysta kennurum sínum vel. Lítið einelti mælist og þótt þreyta í skóla sé 33% er það talsvert undir landsmeðaltali. Dagleg hreyfing mælist nokkuð undir landsmeðaltali

### **3.8.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin**

- Hvetja nemendur til góðra svefn- og matarvenja til að koma í veg fyrir þreytu í skólanum.
- Tryggja daglega hreyfingu nemenda, t.d. í gegnum markvissar hreyfistundir að morgni.

## **3.9 Olweusaráætlunin gegn einelti**

Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur árlega, að hausti, en í henni er spurt ýmissa spurninga er varða líðan í skóla, samskipti, vináttu og um einelti. Helstu niðurstöður könnunarinnar í ár sýna að nemendum líður almennt vel í skólanum og allir telja sig eiga a.m.k. einn góðan vin eða vinkonu þar. Einelti samkvæmt aðferðafræði könnunarinnar mælist mjög lágt, en hins vegar koma fram vísbendingar um samskiptavanda í ákveðnum hópum sem taka þarf til skoðunar. Hægt er að skoða niðurstöður könnunarinnar á [heimasíðu skólans](#) þó aðeins snúið geti reynst að lesa úr þeim.

### **3.9.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti**

- Viðhalda starfinu í tengslum við Olweusaráætlunina og tryggja reglulegar umræður um einelti og afleiðingar þess í öllum námshópum.
- Hafa fundi í upphafi skólaárs með foreldrum þar sem farið er yfir Olweusaráætlunina og tækifæri til samtals gefst.

## **4. Lokaorð**

Innra mat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Mikilvægt er að þróa matshætti í Grenivíkurskóla áfram til að tryggja öflugt og umbótamiðað innra mat í skólanum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, þeir metnir, og tillögur til umbóta lagðar fram. Þessi skýrsla verður því lögð til grundvallar þeirra umbóta sem stefnt er á að ráðast í á komandi skólári og er það hlutverk alls starfsfólks að taka þátt í því til að gera góðan skóla enn betri.

***Þorgeir Rúnar Finnsson***  
***skólastjóri Grenivíkurskóla***